

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-108/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á viðgerðarþjónustu, sem framkvæmd var af Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 3. janúar sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Bílatanga ehf. Af þessu tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Nánari lýsingu á atvikum málsins, sérstaklega hvenær þau áttu sér stað.
- 2) Nánari upplýsingum um þá viðgerð, eða þjónustu, sem kvartað er undan ásamt hvers konar kvittun vegna viðgerðarinnar/þjónustunnar.
- 3) Nánari upplýsingum um hvaða kröfur þú gerir á hendur Bílatanga ehf.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 14. janúar n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álítur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 3. janúar sl.

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir